

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

*Deiliskipulag Jaðarsbakka.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 24. september 2013 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Jaðarsbakka.

Breytingin felst í að einföld bílastæðaröð verður lögð meðfram Sólmundarhöfða, göngutenging verður lögð meðfram stæðunum, ásamt því að kvöð um gróður við lóðamörk er felld niður. Afmörkun deiliskipulags Jaðarsbakka breytist.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akranesi, 10. janúar 2014.*

**Runólfur Þór Sigurðsson**, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2014